

59. Stjórnarfundur Nýheima 2. 12. 2015 kl. 8:00

Fundarstjórn: Olga Ingólfssdóttir

Ritari: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Forfölluð: Helga Árnadóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Hrafnkell Guðnason

Mættir eru: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Olga Ingólfssdóttir, Davíð Arnar Stefánsson, Kristín Hermannsdóttir, Þorvarður Árnason, Vilhjálmur Magnússon.

Forfölluð: Helga Árnadóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Hrafnkell Guðnason

Dagskrá:

1. Rannsóknarþing 2015. Hvernig tókst til og hvað getum við lært? – Davíð

Davíð þakkaði fyrir gott þing og finnst að við ættum að skoða að halda þingið aftur, Davíð hefur fengið það innlegg að það væri mögulega sniðugt að fækka innleggjum niður í t.d. 3-4 og gefa hverju innleggi lengri tíma og taka umræðu. Eyjólfur telur okkur hafa efnivið í rannsóknarþing/upplýsingafund t.d. tvisvar á ári í 1-2 klst. og talar um að það væri gaman fyrir nemendur að hafa t.d. 15 mín af tímanum fyrir rannsóknarverkefni sín. Stjórnin leggur til að á næsta þingi verði t.d. 2 ítarleg verkefni og farið vel ofan í hvert verkefni ásamt verkefni frá nemendum. Næsta þing verður haldið 4. maí 2016 milli 16 og 18.

2. Bréf stjórnar Nýheima til MMR – Þorvarður

Rætt um bréf sem sent var til Þórarins undirritað af Kristínu og Þorvarði vegna opinberra rannsókna- og þróunarstyrkja. Eins og er erum við eina svæðið sem hefur sent bréf.
Ragnhildur Jónsdóttir mætti á fund.

Rætt um umsókn Nýheima til Erasmus+ um rannsókn á stöðu þekkingarsetra á landsbyggðinni. Umsóknin verður kynnt eftir áramót.

3. Discover the world: Móttaka skólahópa í Nýheimum og möguleg fræðsla – Olga

Discover the world byrjar að fljúga beint frá Bretlandi til Egilsstaða næsta sumar. Þeir hafa verið að koma með skólahópa á aldrinum 14-18 ára til landsins og vilja skoða fleiri staði til að fara á. Skoða hvernig væri hægt að gera þetta hérna innanhúss, hver kemur að kostnaði og fleiri þáttum sem þarf að huga að. Mögulega hægt að sækja um styrki til að vinna kennsluefni. Discover the world skipuleggur og greiðir ferðirnar. Hægt að gera mjög flotta pakka með þekkingunni sem við höfum hér á Höfn. Ef byggð eru upp nokkrar tegundir af „pökkum“ þá er hægt að nýta þá fyrir fleiri hópa sem sækjast eftir fræðsluferðum. Allir eru sammála um að þetta er áhugavert og allir tilbúnir að taka þátt í þessu. Ríki Vatnajökuls leiðir verkefnið í heild með Nýheimum sem stuðningsaðila.

4. Hljóð og mynd. Nýjar upplýsingar varðandi möguleg tækjakaup í Nýheimum – Vilhjálmur

FAS og Sveitarfélagið hafa átt í viðræðum um að fjármagna sameiginlega stafræna pakkann. Málið verður klárað á næsta stjórnarfundum 16. des.

5. Önnur mál:

- a. Jólmal og vinaleikur. Verið er að skipuleggja vikuna.

